



# Skýrsla starfshóps um innritun í starfsnám á haustönn 2022 Tillögur um aðgerðir

**Útgefandi:**

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Skýrsla starfshóps um innritun í starfsnám á haustönn 2022. Tillögur um aðgerðir.

Nóvember 2022

mrn@mrn.is

www.mrn.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Mennta- og barnamálaráðuneytið

©2022 Mennta- og barnamálaráðuneytið

ISBN 978-9935-436-83-2

# Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
<b>1. Inngangur .....</b>	<b>6</b>
<b>2. Fjöldi umsækjenda um nám í framhaldsskóla á haustönn 2022 .....</b>	<b>7</b>
<b>3. Könnun meðal starfsmenntaskóla.....</b>	<b>10</b>
<b>4. Tillögur að aðgerðum til að fjölga þeim sem fá skólavist skólaárið 2022-23.....</b>	<b>12</b>
4.1 Auka getu starfsmenntaskólanna til að fjölga nemendum á haust- og vorönn .....	12
4.2 Bæta stöðu eldri umsækjenda .....	13
4.3 Auka kynningu á starfs- og námsráðgjöf nemenda í grunnskóla.....	15
4.4 Endurskoðun laga um leyfisbréf starfsmenntakennara til að fjölga fagmenntuðum kennurum .....	15
4.5 Kynningaráttak til að fjölga starfsmenntakennurum.....	16
4.6 Raunfærnimat til kennsluréttinda.....	17
4.7 Bætt innritunarferli og aukin þjónusta við umsækjendur .....	17
4.8 Aukin samvinna milli skóla.....	17
4.9 Könnun meðal umsækjenda sem fengu höfnun á skólavist á haustönn 2022 .....	18

# Útdráttur

Í greiningu starfshópsins á afdrifum þeirra 2.550 umsækjenda um skólavist í starfsnámi kom í ljós að 2.026 fengu skólavist, 485 fengu höfnun á skólavist og 39 ýmist hættu við eða svöruðu ekki tilboði um nám. Flestir fengu höfnun um skólavist á höfuðborgarsvæðinu, einkum í Tækniskólanum, Fjölbautaskólanum í Breiðholti og Borgarholtsskóla, og að einhverjum hluta á Norðurlandi, einkum í Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Starfshópurinn skoðaði sérstaklega samsetningu þeirra 485 sem fengu höfnun á skólavist í starfsnámi. Flestum umsóknum var hafnað í húsasmíði og grunnnámi bygginga- og tæknigreina (141), því næst rafvirkjun og rafeindavirkjun (76), hönnun, tækni, tölvu og skyldum greinum (46), pípulögnum (41) og málmsmíði, vélstjórn og vélvirkjun (40). Örfáum umsóknum var hafnað í umönnunar- og heilbrigðisgreinum.

Það vekur athygli að flestum þeim sem hafnað var um skólavist í fyrrgreindum greinum eru eldri en 19 ára. Í húsasmíði og grunnnámi bygginga- og tæknigreina er hátt hlutfall 30 ára og eldri (37%).

Starfshópurinn gerði könnun meðal skólameistara starfsmenntaskóla um meginástæðuna fyrir höfnun á námsplássi. Þar kom fram að megin skýring á höfnun á námsplássi er skortur á fagmenntuðum kennurum og/eða skortur á viðeigandi húsnaði. Rétt er að geta þess að á hverjum tíma uppfyllir hluti umsækjenda ekki þau skilyrði sem sett eru fyrir inntöku í viðkomandi nám, sem í mörgum tilfellum leiðir til þess að viðkomandi er boðin skólavist í undirbúningsnámi.

Fyrirsjáanlegt er að mikil þörf er á næstu árum fyrir nýliðun í mörgum iðngreinum vegna aukinna umsvifa á vinnumarkaði, þá er meðalaldur í sumum þessara greina hár og margir munu því hverfa af vinnumarkaði á næstu árum.<sup>1</sup> Á þetta m.a. við um húsasmíði, rafvirkjun, ýmsar greinar vél- og málmsmíði, pípulagnir og bíliðngreinar. Starfshópurinn leggur því til að leitað verði leiða til að stuðla að því að umsækjendur í þessar greinar fái skólavist.

---

<sup>1</sup> Starfshópurinn óskaði eftir sundurliðun á fjölda einstaklinga með starfsmenntun á vinnumarkaði eftir aldri árið 2020, en hefur ekki ennþá borist svar.

Helstu tillögur starfshópsins snúa að eftirfarandi:

- Auka getu starfsmenntaskólanna til að fjölga nemendum á haust- og vorönn, en hægt væri að fjölga nemendum í starfsnámi um allt að 280 á vorönn.
- Bæta stöðu eldri umsækjenda, m.a. með tilboði um raunfærnimat til styttingar á námi, en mikilvægt er að þeir sem hafa lokið hluta starfsnáms og/eða farið á vinnumarkað og starfað í greininni (jafnvel með samning við iðnmeistara) fái aukið vægi við innritun sæki þeir um að hefja nám aftur.
- Auka starfs- og námsráðgjöf fyrir nemendur í grunnskóla.
- Endurskoðun laga um leyfisbréf starfsmenntakennara til að fjölga fagmenntuðum kennurum, með áherslu á að auka vægi fjölþættrar starfsreynslu í viðkomandi grein.
- Kynningarátak til að fjölga starfsmenntakennurum á grundvelli 4. aðgerðar Menntastefnunnar.
- Útfært verði raunfærnimat til styttingar á námi í uppeldis- og kennslufræði.
- Bæta þjónustu við innritun nemenda, m.a. með rýmri tímafresti fyrir eldri nemendur og aukið samráð milli skóla þar sem Menntamálastofnun fær aukið hlutverk við að tryggja skólavist allra umsækjenda.
- Aukin samvinna skóla m.a. um framkvæmd kennslunnar. Áhersla verði á samræmdar verklagsreglur um skiptingu fjárveitinga skv. reiknilíkani milli skóla í samstarfi.
- Nemendakönnun meðal nemenda sem fengu höfnun.

# 1. Inngangur

Mennta- og barnamálaráðherra skipaði í júní 2022 starfshóp til að afla upplýsinga um fjölda þeirra sem ekki fengu skólavist í starfsmenntaskólum haustið 2022. Jafnframt var starfshópnum falið að kanna hvers vegna umsækjendur fengu ekki skólavist. Á grundvelli þessara upplýsinga var starfshópnum falið að koma með tillögur um aðgerðir til að stuðla að því að sem flestir umsækjendur fái skólavist.

Í starfshópnum voru skipaðir fulltrúar frá Skólameistarafélagi Íslands, Samtökum iðnaðarins, fagfélögum í Húsi fagfélaganna (Félagi iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambandinu, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Matvís, Samiðn og Byggið), Menntamálastofnun auk fulltrúa úr mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Starfshópin skipa:

Gylfi Arnbjörnsson, án tilnefningar, formaður  
Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, án tilnefningar, varaformaður  
Sigríður Huld Jónsdóttir, tilnefnd af Skólameistarafélagi Íslands  
Finnbjörn A. Hermannsson, tilnefndur af fagfélögum í Húsi fagfélaganna  
Rúnar Helgi Haraldsson, tilnefndur af Menntamálastofnun  
Jón B. Stefánsson, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins  
Hafþór Einarsson, án tilnefningar.

Óskað var eftir því að hópurinn skilaði ráðherra endanlegum rökstuddum tillögum fyrir lok ágústmánaðar.

Hópurinn hefur haldið 12 fundi og boðið til sín ýmsum gestum til að fá innsýn í ferli innritunar og þær áskoranir sem starfsmenntaskólarnir standa frammi fyrir. Þá var gerð könnun meðal stjórnenda starfsmenntaskólanna um undirliggjandi ástæður fyrir því að umsækjendur fengu ekki skólavist.

Í tillögum starfshópsins eru lagðar til bráðaaðgerðir sem stuðla að því að fleiri fái skólavist á haust- eða á vorönn en einnig aðgerðir sem horfa til lengri tíma og starfshópurinn telur mikilvægt að hafðar verði í huga við mótun stefnu í málefnum starfsnáms á komandi misserum.

## 2. Fjöldi umsækjenda um nám í framhaldsskóla á haustönn 2022

Á haustönn 2022 fengu 6.891 einstaklingar samþykkt skólavist<sup>2</sup> samanborið við 7.700 haustið 2021, eða 8% færri. 819 umsóknum var hafnað sem er veruleg fækkun frá árinu áður, þegar 1.027 umsóknum var hafnað. Flestum var hafnað um skólavist í starfsnámi, eða 485, og fæstum í undirbúningsnámi.


### Fjöldi umsókna eftir braut og stöðu á haustönn 2022

	Hafnað	Samþykkt	Önnur lok*	Alls
Almennt bóknám	266	3.953	124	4.343
Starfsnám	485	2.026	39	2.550
Undirbúningsnám	68	912	81	1.061
<b>Alls</b>	<b>819</b>	<b>6.891</b>	<b>244</b>	<b>7.954</b>

\* Hér er átt við þá sem ýmist hætta við eða draga umsókn til baka

Á myndinni hér til hliðar má sjá dreifingu umsókna eftir námsleið, stöðu umsókna og landssvæði. Samkvæmt þessu virðist höfnun á skólavist fyrst og fremst vera á höfuðborgarsvæðinu og hluta Norðurlands, en á öðrum landssvæðum er meira jafnvægi á milli umsókna um skólavist og getu skólanna til að taka við nemendum.


Ef staða umsókna er skoðuð m.t.t. einstakra framhaldsskóla kemur í ljós að Tækniskólinn hafnaði flestum umsækjendum um skólavist, eða 399, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hafnaði 87 umsækjendum, Verkmenntaskólinn á Akureyri hafnaði 67, Fjölbrautaskólinn í Ármúla hafnaði 40 og Borgarholtsskóli hafnaði 29 umsóknum.



<sup>2</sup> Bráðabirgðaniðurstöður Menntamálastofnunar byggt á upplýsingum í INNU.


Á grundvelli upplýsinga um samsetningu umsækjenda um starfsnám í framhaldsskólum ákvað starfshópurinn að greina betur á hvaða starfsnámsbrautum skólarnir þurftu að hafna umsóknum. Mikill fjöldi námsbrauta er í boði fyrir umsækjendur um nám í framhaldsskóla og erfitt að fá heildaryfirlit um stöðuna á þessum tímapunkti. Til að einfalda myndina var ákveðið að sameina skyldar námsbrautir í breiðari flokka en jafnframt skipta þeim eftir aldursbilum. Þá dregst upp sú mynd að flestum umsóknum er hafnað í húsasmíði og grunnnámi bygginga- og tæknigreina (141), rafvirkjun og rafeindavirkjun (76), málmsmíði, vélstjórn og vélvirkjun (40) og pípulögnum (41). 46 umsóknum var hafnaði í hönnun, tækni, tölvu og skyldum greinum. Mjög fáum umsóknum var hafnað í umönnunar- og heilbrigðisgreinum og því ekki talin ástæða til að bregðast sérstaklega við því, en engu að síður er ljóst að heilbrigðiskerfið stendur frammi fyrir mönnunarvanda á næstu árum.

### Heildarumsóknir á haustönn 2022 eftir skóla og stöðu umsókna



Það vekur athygli að flestum þeim sem hafnað er um skólavist í fyrrgreindum greinum eru eldri en 19 ára og í húsasmíði og grunnnámi bygginga- og tæknigreina er hátt hlutfall 30 ára og eldri.


### Fjöldi hafnaðra umsókna haustið 2022 eftir námsbrautum






Í þessu ljósi taldi starfshópurinn rétt að skoða samantekt Menntamálastofnunar frá árinu 2020 um tilfærslu nemenda í almennu bóknámi og starfsnámi. Samkvæmt þeim tölum kemur í ljós að 43% nemenda í starfsnámi innrituðu sig upphaflega í starfsnám, 39% höfðu flutt sig úr bóknámi og 18% komu úr undirbúningsnámi eða starfsbraut.

### Hlutfallsleg tilfærsla starfsnámsnemenda



Ef litið er á tilfærslu nemenda í bóknámi virðist hún töluvert minni því 83% höfðu innritað sig beint í bóknám, 10% komu úr undirbúningsnámi og 6% höfðu flutt sig úr starfsnámi.

### Hlutfallsleg tilfærsla bóknámsnemenda



### 3. Könnun meðal starfsmenntaskóla

Að frumkvæði starfshópsins voru skólameistarar starfsmenntaskólanna beðnir um að gera nánari grein fyrir ástæðum þess að umsækjendum var hafnað um skólavist. Tilgangurinn var að leggja mat á hvort og hvar hægt væri að fjölga nemendum.

Spurningarnar sem skólameistarar fengu voru eftirfarandi:

- Hversu margir eru skráðir í verknám á haustönn?
- Hversu mörgum nemendum var vísað frá verknámi við skólann á haustönn?
- Hverjar eru ástæður þess að skólar vísa nemum frá í verknámi, vinsamlega tilgreinið út frá brautum?
- Hversu mörgum nemendum var vísað frá vegna aðstöðuleysis við skólann?
- Hversu mörgum nemendum var vísað frá vegna skorts á kennurum?
- Hversu mörgum nemendum var vísað frá vegna aldurs?
- Hversu margir nemendur uppfylltu ekki lágmarksskilyrði?
- Hversu mörgum nemendum var vísað frá vegna þess að of fá fyrirtæki eða meistarar taka nemendur á samning?
- Hversu mörgum nemendum var hafnað vegna íþyngjandi ábyrgðar við að koma nemendum í gegnum vinnustaðanám?
- Hversu mörgum nemendum var hafnað vegna fjármagnsskorts?
- Til hvaða aðgerða telur þú að ráðuneytið þurfi að grípa til að tryggja öllum námspláss?

Að mati skólameistaranna eru megin skýringarnar fyrir höfnun á námspláss skortur á fagmenntuðum kennurum og/eða skortur á viðeigandi húsnæði. Rétt er að geta þess að á hverjum tíma uppfyllir hluti umsækjenda ekki þau skilyrði sem sett eru fyrir inntöku í viðkomandi nám. Það leiðir í mörgum tilfellum til þess að viðkomandi er boðin skólavist í undirbúningsnámi.

Í svörum skólameistara kom fram að skortur væri á viðeigandi tækjabúnaði, sem oft á tíðum er afar dýr í innkaupum. Í umræðunni kom m.a. fram að erfitt getur verið að fjármagna kaup á dýrum búnaði, þar sem hann þarf að staðgreiða við kaupin. Framlög vegna kaupa á búnaði eru hluti af reiknilíkani framhaldsskólanna og berast skólanum yfir ákveðin tíma. Segja má að framlög af hálfu ríkisins til búnaðarkaupa sé meira í ætt við kaupleigu, þ.e. að kostnaði sé dreift yfir tíma og spurning hvort það sé hentugri leið a.m.k. varðandi dýrari búnað. Í lok kaupleigunnar eignast skólinn viðkomandi búnað.

Nokkrir skólar innrituðu alla nemendur sem sóttu um, að undanskildum þeim sem ekki stóðust inntökuskilyrði. Þeir voru Fjölbrautaskóli Vesturlands, Menntaskólinn í Kópavogi og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum.

Út frá þeim gögnum sem fyrir liggja um aldurssamsetningu vekur það athygli að einungis einn skóli nefndi sérstaklega að hafa vísað frá nemum vegna aldurs og var í því tilfelli einungis um fáeina nemendur að ræða.

Starfshópurinn ákvað að funda sérstaklega með skólameisturum þeirra starfsmenntaskóla sem hafna þurftu flestum umsóknum um nám í starfsmenntun til að fá fyllri mynd af stöðunni og hvaða leiðir gætu verið til úrbóta. Skólameistarar þriggja stærstu skólanna, þ.e. Tækniskólans, Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Verkmenntaskólans á Akureyri (sem sæti á í starfshópnum f.h. skólameistara starfsmenntaskólanna), mættu á fjarfund. Auk þess ræddu fulltrúar ráðuneytisins í starfshópnum við skólameistara Borgarholtsskóla. Ekki var samhljómur í svörum skólameistaranna. Skólameistari Tækniskólans taldi skólann t.a.m. geta bætt töluvert mörgum nemendum við, fengist til þess tryggt fjármagn. Skólameistarar hinna skólanna töldu aðstöðuleysi og kennaraskort vega þungt. Hvorki skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti né skólameistari Borgarholtsskóla tiltóku fjármagnsskort sérstaklega í svörum sínum til ráðuneytisins.

Athygli vekur að enginn skólameistari hafði miklar áhyggjur af því að nemendur fengu ekki vinnustaðanámspláss þótt nemendum yrði fjölgað við skólann. Ljóst er að þetta hefur oft reynst nemendum mikil þrautaganga. Úr þessu var bætt með reglugerð nr. 180/2021. Með henni var ábyrgð á að útvega nemendum vinnustaðanámspláss færð til skólanna. Lítil reynsla er komin á þessa reglugerð, en samstarf hefur verið milli skólanna og atvinnulífsins með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytisins um að fjölga fyrirtækjum sem vilja og geta tekið að sér nemendur í vinnustaðanáms.

Fyrirsjáanlegt er að á næstu árum verði mikil þörf fyrir nýliðun í mörgum iðngreinum vegna aukinna umsvifa á vinnumarkaði. Meðalaldur í sumum þessara greina er hár og margir munu því hverfa af vinnumarkaði.<sup>3</sup> Á þetta m.a. við um húsasmíði, rafvirkjun, ýmsar greinar vél- og málmsmíði, pípulagnir og bíliðngreinar. Starfshópurinn er sammála um að leita verði leiða til að stuðla að því að umsækjendur í þessar greinar fái skólavist.

---

<sup>3</sup> Starfshópurinn óskaði eftir sundurliðuðum upplýsingum um fjölda einstaklinga með starfsmenntun á vinnumarkaði eftir aldri árið 2020, en hefur ekki borist svar ennþá.

## 4. Tillögur að aðgerðum til að fjölga þeim sem fá skólavist skólaárið 2022-23

### 4.1 Auka getu starfsmenntaskólanna til að fjölga nemendum á haust- og vorönn

Skólameistari Tækniskólans tilkynnti á ársfundi skólans í júní að teknir yrðu inn 100 fleiri nemendur í starfsnám í skólanum í haust en gert er ráð fyrir í fjárveitingum til skólans í ár. Kostnaður á haustönn verður fjármagnaður af uppsöfnuðum afgangi af fjárveitingum síðustu ára.

Eins og fram kom í kafla 2 höfðu flestir þeirra einstaklinga sem fengu höfnun um skólavist sótt um nám í fjórum starfsmenntaskólum: Tækniskólanum, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Borgarholtsskóla og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Starfshópurinn óskaði sérstaklega eftir því við þessa skóla að þeir legðu fram áætlun um hvað þyrfti til (m.t.t. ráðningar kennara, húsnæðis eða búnaðar) til að fjölga nemum á vorönn og koma þannig til móts við þessa nemendur. Svör skólanna voru eftirfarandi:

**Skólameistarar Borgarholtsskóla og Fjölbrautaskólans í Breiðholti** töldu sig ekki hafa þau ytri skilyrði sem þyrfti til að fjölga nemendum á vorönn umfram það sem þegar er gert ráð fyrir. Í Borgarholtsskóla verða teknir inn nemendur á nýja námsbraut í pípulögnum á vorönn og í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti verður bætt við áföngum í rafvirkjun og húsasmíði um áramót.

**Skólameistari Tækniskólans** telur skólann geta annað 200 fleiri ársnemendum með áherslu á rafíðngreinar (í dag- og kvöldskóla), byggingagreinar (aðallega kvöldskóla), málmiðngreinar (í dag- og kvöldskóla) og hársnyrtigreinar (í kvöldskóla).

**Skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri** taldi sig geta bætt við einum hópi í grunndeild matvæla- og veitingagreina innan núverandi fjárhagsramma. Með því að leigja rými til a.m.k. þriggja ára (og hafa lausafé til að greiða leiguna) gæti skólinn fjölgað nemendum í starfsnámi í fleiri greinum. Ekki þarfnast mikils viðbótar tækjakosts til að framkvæma þetta, en nauðsynlegt er þó að hafa litla bóklega stofu og nokkuð stórt verklegt rými sem hægt væri að hólfa eftir þörfum.

Á þessum forsendum getur Verkmenntaskólinn á Akureyri tekið inn:

- 13 pípulagninganemendur auk kennara og nauðsynlegs búnaðar.
- 13 múraranemendur auk kennara og nauðsynlegs búnaðar.
- 14 nemendur í kvöldskóla í rafvirkjun ef rýmið er nægilega stórt fyrir bása. Einnig væri hægt að leysa það með færanlegum kennslustofum á skólalóð. Kennsla yrði greidd annað hvort sem yfirvinna eða með nýráðningum.
- 14 nemendur í kvöldskóla í vélvirkjun og/eða vélstjórn B. Til þess þarf fyrst og fremst kennara. Pláss er til staðar í núverandi húsnæði á kvöldin og um helgar og þarfnast ekki mikils tækjabúnaðar.
- 13 nemendur í hársnyrtiðn ef hafist væri handa við breytingar á húsnæði skólans í september og ýmis búnaður aukinn.
- Mikil eftirspurn er eftir námi í bifvélavirkjun. Til þess þarf nokkuð dýran tækjabúnað og samstarf við Borgarholtsskóla.
- Mikil eftirspurn er eftir námi í húsasmíði. Til þess að mæta henni þarf umtalsverða stækkun og breytingar á núverandi skólahúsnæði auk trésmíðavéla. Það er illmögulegt fyrir vorönn 2023. Núverandi húsnæði er komið að þolmörkum. Skólinn er nú á haustönn með einn hóp í kvöldskóla og hefur þurft að bregðast við húsnæðisvanda með því að kenna út á bílplani með tilheyrandi vandræðum varðandi aðgengi að skólanum.

Samkvæmt þessu gæti Verkmenntaskólinn á Akureyri fjölgað nemendum í starfsnámi um 80 á vorönn og þarf fjárveitingu vegna 67 nema, auk aðstoðar við leigu á húsnæði.

Samtals er því hægt að fjölga nemendum í starfsnámi um allt að 280.

Starfshópurinn leggur til að ráðuneytið skoði fjölþættar leiðir til að raungera þetta, m.a. breyttar áherslur við skiptingu fjárlagaliðarins, aukið samstarf og hagræðingu í framkvæmd kennslunnar og, ef hægt er, viðbótarfjármuni við aðra umræðu fjárlaga.

## 4.2 Bæta stöðu eldri umsækjenda

Flestir umsækjendur sem fengu höfnun á haustönn 2022 eru eldri en 19 ára og aðallega í húsasmíði, málsmíði, rafvirkjun og pípulögnum. Samkvæmt upplýsingum frá skólameisturum og frá Menntamálastofnun er staða þessara eldri nemenda mun vænlegri á vorönn, þegar færri nýnemar úr grunnskólum (sem njóta forgangs) sækja um og því miklar líkur á því að hluti þessa hóps fái skólavist þá.

Mikilvægt er að þeir sem hafa lokið hluta starfsnáms og/eða farið á vinnumarkað og starfað í greininni (jafnvel með samning við iðnmeistara) fái aukið vægi við innritun sækja þeir um að hefja nám aftur. Með því móti er hægt

að tryggja frekari framgang umræddra aðila í starfsnám, flýta útskrift þeirra og fjölga iðnmenntuðu starfsfólki á vinnumarkaði.

Jafnframt telur starfshópurinn mikilvægt að skapa þegar á haustönn tækifæri fyrir einstaklinga í þessum hópi, til að mæta þörfum hans. Ekki er ólíklegt að hluti þessara einstaklinga, einkum þeirra sem eru eldri, hafi þegar unnið í viðkomandi grein sem leitt hafi til aukins áhuga á því að sækja sér formlega menntun í faginu. Því er lagt til að einstaklingum í þessum hópi verði sent erindi og þeim boðið að taka þátt í raunfærnimati til styttingar á formlegu námi. Þetta verði gert á grundvelli reglugerðar nr. 1163/2011 um framhaldsfræðslu, með samstarfi milli viðkomandi skóla, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, fræðsluskrifstofa iðnaðarins og símenntunarmiðstöðva.

Mikilvægt er að þeir umsækjendur sem fara í gegnum raunfærnimat fái aukið vægi við innritun í framhaldsskóla.

Lagðar eru til tvær ólíkar leiðir eftir því hvaða af eftirfarandi hópum viðkomandi tilheyri:

1. Umsækjendur sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi verði boðið að taka þátt í raunfærnimati þegar á haustönn á vegum fræðsluskrifstofa iðnaðarins (Iðunnar og Rafmenntar) og símenntunarmiðstöðva á grundvelli þeirra fjárheimilda sem eru til staðar hjá Fræðslusjóði. Lagt er til að Fræðslusjóði verði falið að skoða hvort hægt sé að eyrnamerkja 50 m.kr. þannig að símenntunarmiðstöðvarnar og fræðsluskrifstofur iðnaðarins geti þjónustað þessa einstaklinga.
2. Finna þarf leið fyrir þá umsækjendur sem lokið hafa formlegu námi á framhalds- eða háskólastigi og eiga því ekki rétt á aðstoð úr Fræðslusjóði, að taka þátt í raunfærnimati til styttingar á formlegu námi. Mikil þekking er til staðar meðal fagmenntakennara starfsmenntaskólanna. Þeir uppfylla þær kröfur sem mennta- og barnamálaráðuneytið gerir til þeirra sem framkvæma raunfærnimat. Starfshópurinn leggur til að þetta verði gert með samstarfi framhaldsskólanna, símenntunarmiðstöðvanna og fræðsluskrifstofa iðnaðarins (Iðunnar og Rafmenntar) um verkefnið vegna þekkingar þeirra og reynslu á framkvæmd raunfærnimats.

Samkvæmt upplýsingum frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er meðalkostnaður við raunfærnimat um 260 þús.kr. á hvern þátttakanda. Líklegur markhópur er hins vegar þegar skilgreindur og aðgengilegur og má því ætla að kostnaður við þetta verkefni verði lægri þar sem símenntunarmiðstöðvarnar þurfa iðulega að leggja í kostnað við að ná til þátttakenda í raunfærnimati. Lagt er til að mennta- og barnamálaráðuneytið semji við fræðsluskrifstofurnar og símenntunarmiðstöðvarnar um sérstaka gjaldskrá vegna þessa verkefnis.

Ennfremur leggur starfshópurinn áherslu á að skólarnir geti fylgt þessum nemendum eftir með aukinni námsráðgjöf til þess að auðvelda þeim að takast á við að hefja aftur nám eftir langa fjarveru úr námi og draga þannig úr líkum á brotthvarfi.

Þar sem ekki er tekið tillit til kostnaðar vegna raunfærnimats eða aukinnar námsráðgjafar í reiknilíkani framhaldsskólanna leggur starfshópurinn til að mennta- og barnamálaráðuneytið tryggi 50 m.kr. í sérstakan sjóð sem framhaldsskólarnir geti sótt um framlög úr til að standa straum af kostnaði við raunfærnimatið og/eða aukna námsráðgjöf.

### 4.3 Auka kynningu á starfs- og námsráðgjöf nemenda í grunnskóla

Eins og áður hefur komið fram tók Menntamálastofnun saman upplýsingar um samsetningu og tilfærslu nemenda milli brauta í framhaldsskólum árið 2020. Þar kom fram að tæp 40% nemenda í starfsnámi höfðu flutt sig úr bóknámi yfir í starfsnám. Þetta er verulega frábrugðið almennu bóknámi þar sem 85% nemenda sóttu beint um bóklegt nám. Að mati starfshópsins er afar mikilvægt að efla verulega bæði kynningu á starfsnámi og náms- og starfsráðgjöf í efstu bekkjum grunnskóla. Íslandsmótið í iðn- og verkgreinum, sem haldið er af Verkiðn með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytisins er dæmi um ákjósanlegan vettvang slíkra kynninga. Jafnframt telur starfshópurinn að skipuleggja ætti áhugasviðskannanir, vinnustaðaheimsóknir og kynningar fagfélaga í skólum til að nemendur fái betri yfirsýn um hvaða störf geti verið í boði að loknu námi.

### 4.4 Endurskoðun laga um leyfisbréf starfsmenntakennara til að fjölga fagmenntuðum kennurum

Samkvæmt könnun meðal skólameistara í verkmenntaskólum er töluverður skortur á verkmenntakennurum sem hamlar getu skólanna til að fjölga nemendum og nýta betur þá kennsluáðstöðu sem er til staðar. Starfshópurinn hefur rætt þessi mál á sínum fundum og telur mikilvægt að grípa til aðgerða til þess að fjölga verkmenntakennurum.

Ljóst er að ákvæði laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um iðnmeistararéttindi og löggilt starfsréttindanáms eru ekki nægilega skýr. Menntamálastofnun fór yfir hvernig túlka beri löggin að beiðni Háskóla Íslands.

Niðurstaða stofnunarinnar var að samkvæmt 6. tl. 5. gr. laga nr. 95/2019<sup>4</sup> telst sá sem lokið hefur starfsréttindaprófi á 3.–4. hæfniprepi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla vera með sérhæfingu í starfsmenntun á framhaldsskólastigi eða í verkgrein á grunnskólastigi. Í 9. gr. sömu laga segir að starfsmenntakennari skuli hafa lokið meistara réttindum í iðngrein eða löggildu starfsréttindaprófi úr framhaldsskóla auk 60 námseininga samkvæmt ákvæðum 4. gr. laganna.

Menntamálastofnun svaraði því til að samkvæmt 5. og 9. gr. laga nr. 95/2019 telst sá vera með löggilt starfsréttindanám sem lokið hefur löggildu starfsréttindaprófi á 3. eða 4. hæfniprepi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Samkvæmt þessari túlkun er í raun óvíst hvort það þurfi meistara réttindi í iðngrein til að fá leyfisbréf sem starfsmenntakennari.

Starfshópurinn fundaði með fulltrúm bæði Menntamálastofnunar og Menntavísindasviðs HÍ til að fara betur í saumana á þessari túlkun sem og hvaða kennslufræðilegu rök mæli með eða á móti því að gerðar verði breytingar á lögnum til að eyða þessari óvissu.

Það er mat starfshópsins að full ástæða sé til þess að endurskoða bæði 6. tl. 5. gr. og 2. mgr. 9. gr. og skýra betur hvaða kröfur skuli gera. Hann leggur til að áhersla verði á að skilgreina betur nauðsyn fjölþættrar reynslu á vinnumarkaði í viðkomandi greinum, auk kennsluréttindanáms.

## 4.5 Kynningarátak til að fjölga starfsmenntakennurum

Starfshópurinn telur mikilvægt að efnt verði til sérstaks átaks á vinnumarkaði fram á mitt ár 2023 til að laða að og fjölga starfsmenntakennurum í samstarfi mennta- og barnamálaráðuneytisins við meistara- og fagfélögin, Félag framhaldsskólakennara, starfsmenntaskólanna og samtök fyrirtækja og stofnana. Þetta er í samræmi við menntastefnu stjórnvalda, sem afgreidd var á síðasta ári, en í fjórðu aðgerð stefnunnar er sérstaklega fjallað um fjölgun nemenda í kennsluréttindanámi. Starfshópurinn leggur til að settur verði sérstakur stýrihópur fyrir verkefnið. Ráðuneytið hefur þegar fjármuni til að kosta m.a. kynningu og styrki til nemenda eftir skilgreindum leiðum.

---

<sup>4</sup> „6. Kennari sem lokið hefur starfsréttindaprófi á 3.–4. hæfniprepi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla telst vera með sérhæfingu í starfsmenntun á framhaldsskólastigi eða í verkgrein á grunnskólastigi.“

2. mgr. 9. gr.: „Starfsmenntakennari skal hafa lokið meistara réttindum í iðngrein eða löggildu starfsréttindaprófi úr framhaldsskóla auk 60 námseininga samkvæmt ákvæðum 4. gr.“



## 4.6 Raunfærnimat til kennsluréttinda

Samkvæmt upplýsingum frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið unnið að því að þróa aðferðafræði til að raunfærnimeta nám á háskólastigi, m.a. með tilraunaverkefni í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um leikskólakennara. Starfshópurinn telur mikilvægt að háskólarnir taki upp slíkt raunfærnimat í uppeldis- og kennslufræðum á grundvelli reglugerðarinnar um raunfærnimat þannig að þeir sem starfað hafa um árabíl sem leiðbeinendur á undanþágu gefist kostur á því að fara í raunfærnimat og fá ECTS-einingar metnar á grundvelli starfsreynslu til styttingar á námi.

## 4.7 Bætt innritunarferli og aukin þjónusta við umsækjendur

Í vinnu starfshópsins hefur það ítrekað komið í ljós að endurskoða þarf umsóknar- og innritunarferli í framhaldsskólana. Lagt er til að tímafrestur frá því að grunnskóli útskrifar nemendur úr 10. bekk að lokafresti nemenda til að sækja um í framhaldsskóla verði rýmkaður. Jafnframt er lagt til að svigrúm verði til meira samráðs og samstarfs á milli skólanna um innritun til að tryggja sem besta nýtingu á þeim námsplássum sem til eru svo ekki komi til þess að umsækjendum sé vísað frá í einum skóla á meðan aðrir skólar gætu bætt við sig nemendum í sömu grein eins og dæmi eru um. Starfshópurinn leggur jafnframt til að hlutverk Menntamálastofnunar verði aukið að þessu leyti á þá lund að stofnunin sinni einnig þeim sem eru eldri en 16 ára m.t.t. annars vals, þannig að heildaryfirlit náist yfir innskráninguna til að tryggja betra samræmi milli þarfa umsækjenda og getu skólanna.

## 4.8 Aukin samvinna milli skóla

Í vinnu starfshópsins var mikið rætt um nauðsyn þess að starfsmenntaskólar (og framhaldsskólar í heild) auki samvinnu sín á milli um fjölbreytt mál og málefni, sérstaklega um framkvæmd kennslunnar. Ljóst er að ein af mikilvægustu breytum í starfi skólanna er hagkvæm hópastærð þar sem fámennir hópar eru í raun mun dýrari en fjölmennari. Þannig gætu skólar sem aukin aðsókn er að og skortur er á bæði kennurum og húsnæði, átt samstarf við skóla þar sem dregið hefur úr aðsókn eða húsnæði rúmt. Eins og fram kom varðandi innritunina gæti aukið samstarf skilað betri og hagkvæmari nýtingu, þ.m.t. hópastærð. Sporna þarf gegn því viðhorfi að skólarnir séu einangraðar og sjálfstæðar einingar í innbyrðis samkeppni um nemendur heldur stuðla að þeirri menningu að skólarnir séu hluti af sameinaðri heild þar sem viðfangsefnið er að tryggja sem hagkvæmstu nýtingu fjármuna og að sem flestir fái skólavist í samræmi við sitt áhugasvið.

Eitt af þeim atriðum sem hindrar eða a.m.k. dregur úr samstarfi skólanna við framkvæmd kennslunnar er mikill fjöldi af námsbrautalýsingum um sömu eða

náskyldar brautir. Starfshópurinn ræddi því ákvæði framhaldsskólalaganna um kjarnaskóla, sbr. 28. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, sem lítið hefur verið nýtt. Jafnframt er hópurinn meðvitaður um að slíkt sé í raun langtímamál og ekki líklegt til þess að valda neinum straumhvörfum á þessu skólaári, en hvetur til þess að þessi mál verði tekin til umræðu í tengslum við stöðu starfsmenntunar til lengri tíma lítið. Þannig gætu kjarnaskólar fengið það hlutverk að móta innihald námsbrauta í sínu fagi, í samstarfi og samráði við starfsgreinaráðin, en fleiri skólar síðan boðið upp á námið í samstarfi við kjarnaskólann. Nýjungar í kennslufræði og -aðferðum, þ.m.t. hvers konar fjar-, lotu- og dreifnám, munu vafalaust leiða til betri nýtingar fjármuna og þannig tryggja fleirum námsvist eftir þörfum viðkomandi. Starfshópurinn leggur til að mótaðar verði starfsreglur um rekstrarlegar forsendur samstarfs skóla um framkvæmd kennslu á einstaka brautum, m.a. hvernig greiðslum skv. reiknilíkani er skipt milli skólanna. Hann telur mikilvægt að mennta- og barnamálaráðuneytið hefjist handa við þá vinnu.

#### **4.9 Könnun meðal umsækjenda sem fengu höfnun á skólavist á haustönn 2022**

Starfshópurinn leggur til að gerð verði könnun meðal þeirra sem ekki fengu skólavist á haustönninni 2022 um hagi þeirra og áhuga á frekari úrræðum. Eðlilegt er að fela Menntamálastofnun gerð slíkrar könnunar. Stofnunin hefur lista yfir þá umsækjendur sem ekki fengu skólavist. Nauðsynlegt er að samráð verði haft við Persónuvernd um gerð slíkrar könnunar. Niðurstöður könnunarinnar geta verið mikilvægar til að undirbúa frekari aðgerðir til að koma til móts við þennan hóp.

